

155

22. sept.

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 51 30. maí 1942, verður það fyrst um sinn og þangað til öðru vísi verður ákveðið gert að skilyrði fyrir ótakmörkulu lækningaleyfi, auk þeirra skilyrða, er greinir í 2. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni fulla 6 mánuði að loknu háskólanámi, og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 22. september 1942.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

156

22. sept.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Skálaveiðistöð, nr. 17 31. marz 1930.

B. Bátagjöld.

3. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar og uppsátursgjöld eru þessi: 1% af andvirði heildarafla báta, sem gerðir eru út frá Skálum eða leggja afla sinn á land eða í skip þar á höfninni og kr. 10.00 fyrir hvern uppskipunarbát um árið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. október 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

157

22. sept.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún, nr. 23 1. apríl 1936.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu frá 1. október 1942 innheimtast með 100% viðauka.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 12. febrúar 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.